

## AUGLÝSING

### um umferð í Eskifjarðarkauptúni.

Eftir heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968 og að fengnum tillögum hreppsnefndar Eskifjarðarhrepps, hefur eftirfarandi verið ákveðið varðandi umferð í Eskifjarðarkauptúni:

1. Biðskyldumerki verða sett við þessar götur, sem liggja að Strandgötu, þ. e. Bleiksárhlið innan Haukabergs, uppakstur frá Nýju-Höfn, uppakstur frá löndunarbyggju innan við verbúð Jóns Kjartanssonar hf., Skáveg innan Bröttuhliðar, uppakstur frá byggju fyrir innan Pöntun og Steinholtssveg fyrir innan Hlíðarendaá.
2. Biðskyldumerki verður sett við Hátún gagnvart Botnabraut.
3. Stöðvunarskyldumerki verður sett við Smiðjustíg fyrir utan Staðarstað og Steinholtssveg fyrir innan Reykholt I, þar sem götur þessar liggja að Strandgötu.
4. Einstefnuakstur verður frá vestri til austurs á Túngötu frá Kirkjustíg að Lambeyrarbraut og á Lambeyrarbraut frá Botnabraut að Hólsvégi.
5. Hægri beygja frá Túngötu inn á Lambeyrarbraut verður bönnuð.
6. Samkvæmt fyrirmælum lögreglusamþykktar Suður-Múlasýslu er hámarkshraði á götum kaupsins 35 km miðað við klst. nema á Strandgötu frá Mjóeyri að brú utan fiskvinnslu Sporðs hf. og frá gatnamótum Bleiksárhliðar að Blómsturvöllum, þar sem hámarkshraði verður 45 km miðað við klst. Umferðarmerki verða sett upp í samræmi við auglýsingu þessa.

Þetta tilkynnist öllum sem hlut eiga að máli.

*Lögreglustjórnin í Suður-Múlasýslu, 31. maí 1968.*

**Valtýr Guðmundsson.**

## AUGLÝSING

### um takmarkað leyfi dragnótaveiða sumarið 1968.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 40 9. júní 1960, um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti, getur ráðherra, samkvæmt tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar og Fiskifélags Íslands, ákveðið fyrir eitt ár í senn, að dragnótaveiði sé heimil á tilteknu svæði eða svæðum á tímabilinu 15. júní til 31. október eða skemmri tíma, eftir því sem nánar er ákveðið.

Fiskifélag Íslands hefur leitað álits sveitarstjórna og annarra aðila, sem hagsmuna hafa að gæta í þessu efni.

Í samræmi við ákvæði téðra laga og athuganir Fiskifélags Íslands hefur sjávarútvegsráðuneytið ákveðið, að leyfi til dragnótaveiða skuli veitt frá og með 15. þessa mánaðar á eftirgreindum svæðum:

- I. Milli lína, sem hugsast dregnar réttvísandi um Bjarnarey sunnan Vopnafjarðar og réttvísandi norðaustur frá Kögri sunnan Héraðsflóa.
- II. Milli línu, sem hugsast dregin réttvísandi austur úr Álftavíkurfjalli (Álftavíkurtanga) að línu, sem hugsast dregin réttvísandi austur úr Gvendarnesi, sunnan